

Fréttabréf

Fjórða fréttabréf EXTOR (Upplifunartengd ferðapjónusta fyrir sjálfbæra þróun dreifbýlis): Verkefnið hefur það að markmiði að stuðla að sjálfbærri þróun dreifbýlis með því að efla upplifunartengda ferðapjónustu, styrkja umhverfissvænar lausnir, auka hæfni frumkvöðla, efla menntun, tengslamyndun og samstarf til að mæta breyttum samfélags- og atvinnuháttum.



Lokaráðstefna EXTOR – Þriggja ára samstarfi og árangri þess fagnað

Þann 11. júní 2026 komu samstarfsaðilar EXTOR saman í Brussel á **La Ferme du Parc Maximilien** til að fagna góðum árangri eftir þriggja ára samstarf og kynna afurðir verkefnisins.

Á ráðstefnunni komu saman samstarfsaðilar og hagaðilar til að ræða sjálfbæra þróun dreifbýlis og ferðapjónustu. **Kevin Grauwels**, yfirmaður byggðapróunarsviðs Flæmsku landbúnaðarstofnunarinnar, setti ráðstefnuna með erindi um hvernig ferðapjónusta getur stutt við byggðapróun með LEADER-aðferðafræðinni og samfélagsdrifnum verkefnum.





Þátttakendur kynntust fjölmörgum evrópskum fyrirmyndum um hvernig ferðapjónusta getur orðið drifkraftur sjálfbærrar byggðapróunar.

Meðal þeirra voru: **Brussels By Foot og HikeUp** (Belgíu), **Addio Pizzo Travel** (Ítalíu), **Lyolya Filimonova** (Kýpur), **Olympia International Film Festival for Children and Young People** (Grikklandi) og **sveitarfélagið Casaseca de Campeán** (Spáni). Þessi dæmi sýndu hvernig samfélagsdrifin ferðapjónusta skapar félagslegt virði, styrkir sjálfsmýnd og stuðlar að sjálfbærni byggðarlaga.



Einnig flutti **Willem De Graeve** frá **Visit Flanders** erindi um **Travel to Tomorrow** verkefnið. Erindið undirstrikaði hvernig ferðapjónusta sem hefur sjálfbærni og lífsgæði sem sín leiðarljós getur orðið hvati að blómlegum áfangastöðum og til hagsbóta fyrir íbúa, ferðamenn, fyrirtæki og samfélagið.

Ráðstefnunni lauk með hugleiðingum **Ignace Schops**, framkvæmdastjóra **Regional Landscape Kempen and Maasland**, sem hvatti þátttakendur til að halda áfram að byggja upp samstarf og þróa verkefni sem hafi sjálfbær jákvæð áhrif, eftir að verkefninu lýkur.

Þátttakendur skoðuðu jafnframt **La Ferme du Parc Maximilien** og kynntust sögu búans, samfélagslegu hlutverki þess og framlagi til sjálfbærrar borgarþróunar. Til að marka lok EXTOR táknrænt ættleiddi samstarfið geitina **Daly**.

Þetta var eftirminnileg leið til að fagna þriggja ára samstarfi, þekkingarmiðlun og sameiginlegri sýn um sjálfbærari framtíð ferðapjónustu í dreifbýli Evrópu.



Sjá EXTOR vefsíðuna: <https://extor-project.eu>.

Ekki missa af nýjustu upplýsingum um verkefnið, þú getur fylgt okkur á **Facebook** síðunni og á **Youtube** rásinni.



Co-funded by
the European Union

Funded by the European Union. Views and opinions expressed are however those of the author(s) only and do not necessarily reflect those of the European Union or the European Education and Culture Executive Agency (EACEA). Neither the European Union nor EACEA can be held responsible for them.



Myndaðu tengsl, samstarf um að próa ferðapjónustu í dreifbýli: EXTOR Samfélagið

EXTOR samfélagið er vettvangur sem tengir saman fólk, bæði í nærsamfélögum og alþjóðlega, sem hefur brennandi áhuga á sjálfbærri þróun dreifbýlis og ferðapjónustu. Vettvangurinn skapar tækifæri til að skiptast á hugmyndum, deila reynslu og taka þátt í innihaldsríkum umræðum um nýsköpun í dreifbýli, sjálfbærar starfshætti og nærandi ferðapjónustu. Með því að taka þátt í samfélaginu geta þátttakendur lagt sitt af mörkum í samstarfi sérfræðinga, kennara, nemenda og hagaðila sem vinna saman að því að efla seiglu og stuðla að bjartri framtíð dreifbýlis um alla Evrópu.

Við bjóðum þér að skrá þig og gerast hluti af EXTOR samfélaginu og taka virkan þátt í áframhaldandi miðlun þekkingar, hugmynda og innblásturs.

Skannaðu **QR code** hér fyrir neðan og vertu með



Sjá EXTOR vefsíðuna: <https://extor-project.eu>.

Ekki missa af nýjustu upplýsingum um verkefnið, þú getur fylgt okkur á [Facebook](#) síðunni og á [Youtube](#) rásinni.



Co-funded by
the European Union

Funded by the European Union. Views and opinions expressed are however those of the author(s) only and do not necessarily reflect those of the European Union or the European Education and Culture Executive Agency (EACEA). Neither the European Union nor EACEA can be held responsible for them.



Staðbundnar ráðstefnur og málþing

Auk loka ráðstefnunnar voru haldnar staðbundnar ráðstefnur og málþing í samstarfslöndunum, sem styrkti tengsl við heimamenn og hagaðila sem tóku þátt í umræðum um sjálfbæra þróun ferðaþjónustu í dreifbýli.

Kýpur

Yfir 50 þátttakendur sóttu EXTOR-viðburð í þorpinu **Kato Drys**.

Á dagskrá var kynning á aðferðafræði EXTOR, samtal við frumkvöðla í ferðaþjónustu, gönguferð þar sem náttúra og menningararfur svæðisins var kynntur auk þess sem tækifæri gafst til tengslamyndunar yfir léttum veitingum. Viðburðurinn skapaði vettvang fyrir samvinnu og þekkingarmiðlun um ferðaþjónustu, nýsköpun og byggðaþróun.



Sikley

Á Sikley var haldin opin ráðstefna undir yfyrskriftinni **The Voice of Places** í Trappeto í tengslum við Festa della Musica 2026.

Ráðstefnan leiddi saman sveitarfélög, menningarstofnanir, skóla og hagaðila til að ræða tengsl menningar, arfleifðar, þátttöku og sjálfbærrar ferðaþjónustu. Jafnframt var kynntur árangur EXTOR og mikilvægi upplifunartengdrar og samfélagsmiðaðrar ferðaþjónustu.



Sjá EXTOR vefsíðuna: <https://extor-project.eu>.

Ekki missa af nýjstu upplýsingum um verkefnið, þú getur fylgt okkur á [Facebook](#) síðunni og á [Youtube](#) rásinni.



Co-funded by
the European Union

Funded by the European Union. Views and opinions expressed are however those of the author(s) only and do not necessarily reflect those of the European Union or the European Education and Culture Executive Agency (EACEA). Neither the European Union nor EACEA can be held responsible for them.



Að skapa saman framtíð upplifunarferðaþjónustu á landsbyggðinni á Kýpur vinnustofa í Háskólanum á Kýpur. Í vinnustofu um hönnunarhugsun tóku þátt; starfsnemar, íbúar og fulltrúar frá aðstoðarráðuneyti ferðamála og sveitarfélaginu Nikósíu. Þar var fjallað um upplifunarferðaþjónustu í dreifbýli. Í gegnum umræður og samskiptunir prouðu þátttakendur nýstárlegar hugmyndir og tillögur til að styðja við þróun sjálfbærrar ferðaþjónustu. Niðurstöðurnar voru teknar saman í stefnuýfirlit sem undirstrikar gildi þátttöku hagaðila í að móta framtíð ferðaþjónustu í dreifbýli og staðbundna nýsköpun á Kýpur.



Sikiley - Málþing um upplifunarferðaþjónustu í Trappeto:

Í mars 2026 voru haldin þrjú málþing í Trappeto á Ítalíu, þar sem áhersla var lögð á upplifunarferðaþjónustu sem drifkraft sjálfbærrar þróunar á landsbyggðinni. Þar komu saman starfsnemar, kennarar, fyrirtæki, samtök og íbúar til að skiptast á hugmyndum og skapa sameiginlegar lausnir. Þátttakendur hönnuðu ferðaáætlanir fyrir samfélagsmiðaða ferðaþjónustu, styrktu staðbundin samstarfsnet og skoðuðu samstarfstækifæri. Málþingin undirstrikuðu mikilvægi upplifunarferðaþjónustu til að efla sjálfsmynd, þróa færni og þátttöku í samfélagsþróun.



**Co-funded by
the European Union**

Funded by the European Union. Views and opinions expressed are however those of the author(s) only and do not necessarily reflect those of the European Union or the European Education and Culture Executive Agency (EACEA). Neither the European Union nor EACEA can be held responsible for them.



Austurríki: Tenging ferðapjónustu, sjálfbærni og heimabyggðar

Í Austurríki skipulagði die Berater þrjú málþing: tvö staðbundin og eitt á netinu. Málþingin tengdu saman nemendur, kennara, fyrirtæki og hagaðila í ferðapjónustu og íbúa til að skoða sjálfbæra ferðapjónustu frá mismunandi sjónarhornum.

Fyrsta málþingið fór fram í Neðra-Austurríki þar sem nemendur ferðamálastólaskóla heimsóttu sjálfbært hótél ásamt kennara sínum. Í leiðsögn kynnti hótélstjórinn aðgerðir til að stuðla að sjálfbærni hótelsins, þar á meðal verkefni tengd grænni orku, auðlindanýtingu og umhverfisvænni ferðapjónustu. Heimsókninni var fylgt eftir með gagnvirkri vinnustofu undir forystu fulltrúa ferðamálayfirvalda á staðnum, sem gaf nemendum og íbúum samfélagsins tækifæri til að ræða nærandi og sjálfbæra ferðapjónustu.

Annað málþing var haldið í Burgenland, nálægt Neusiedl-vatni. Með þátttöku fyrirtækja, kennara og nemenda var farið yfir leiðir til fjármögnunar ferðapjónustu á landsbyggðinni. Þátttakendur skiptu á hugmyndum um hvernig hægt er að þróa sjálfbæra ferðapjónustu á landsbyggðinni í framtíðinni.



Lokamálþingið var skipulagt á netinu og þar kynnti fulltrúi Österreichisches Umweltzeichen, vottunarkerfi Austurríkis fyrir sjálfbærni. Kennarar í ferðamálastólum, fyrirtæki og íbúar tóku þátt til að fræðast um sjálfbærnivottun og mikilvægi hennar fyrir ferðapjónustuna. Að lokinni kynningu voru líflegar umræður þar sem þátttakendur gátu spurt spurninga og deilt eigin reynslu.

Sjá EXTOR vefsíðuna: <https://extor-project.eu>.

Ekki missa af nýjustu upplýsingum um verkefnið, þú getur fylgt okkur á [Facebook](#) síðunni og á [Youtube](#) rásinni.



Co-funded by
the European Union

Funded by the European Union. Views and opinions expressed are however those of the author(s) only and do not necessarily reflect those of the European Union or the European Education and Culture Executive Agency (EACEA). Neither the European Union nor EACEA can be held responsible for them.



Að styrkja dreifbýlissamfélög, fundir hagaðila á Spáni:

Á Spáni skipulagði INFODEF röð viðburða fyrir tengslamyndun og þátttöku hagaðila, þar á meðal þrjú málþing, tvö samfélagskaffihús og staðbundin hátíð í Valladolid.

Á þessum viðburðum komu saman starfsmennar, kennara, frumkvöðlar, sveitarfélög og opinberir aðila til að ræða framtíð upplifunarferðaþjónustu á landsbyggðinni, styrkja samstarf í menntamálum og á milli fyrirtækja og stuðla að sjálfbærri þróun á landsbyggðinni.

Einn mikilvægasti árangur þessa viðburða var að bera kennsl á og vinna með samfélagi sem stendur frammi fyrir áskorunum vegna fólksfækkunar, og taka þátt í að skapa ný tækifæri til aðgerða sem byggðu á aðferðafræði og afurðum EXTOR.



Sjá EXTOR vefsíðuna: <https://extor-project.eu>.

Ekki missa af nýjustu upplýsingum um verkefnið, þú getur fylgt okkur á [Facebook](#) síðunni og á [Youtube](#) rásinni.



Funded by the European Union. Views and opinions expressed are however those of the author(s) only and do not necessarily reflect those of the European Union or the European Education and Culture Executive Agency (EACEA). Neither the European Union nor EACEA can be held responsible for them.